

Hafnarfirði, 12. janúar 2022

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Skólastarfið fer vel af stað, þrátt fyrir umfangsmiklar takmarkanir. Engu að síður eru mikil forföll bæði í starfsmanna- og nemendahópnum, en um **4% nemenda** voru skráðir í annað hvort einangrun eða sóttkví vegna farsóttarinnar í upphafi vikunnar. Ég vil minna á mikilvægi þess að **tilkynna veikindi í INNU** og setja nánari upplýsingar um eðli þeirra í athugasemdir (einangrun eða sóttkví) en einnig ber að senda tölvupóst á skrifstofa@flensborg.is með **vottorði úr Heilsuveru**.

Einnig minnum við á **persónubundnar sóttvarnir**, þvo og spritta hendur og sóttreinsa nálægustu fleti.

Meðan núverandi samkomutakmarkanir eru í gildi verður ekki boðið upp á heitan mat í hádeginu í mötuneyti skólans en hægt verður að kaupa léttan mat (salatbox, rúnstykki, búst,ávexti). Athugið vel að **ekki mega vera fleiri en 50 í rými** og bið ég hér með nemendur um að vera sér meðvitaðir um þetta og hjálpa okkur að halda reglum.

Ef þið lendið í sóttkví eða einangrun er gott að hafa eftirfarandi í huga:

1. Tilkynna í Innu og til skólans (senda vottorð úr Heilsuveru á skrifstofu)
2. Fylgjast vel með náminu í Innu. Gott er að fara vel yfir *námsáætlun* áfangans, fylgjast með *tilkynningum* og vinna samkvæmt fyrirmælum sem koma fram í *heimanámi*
3. Vera í samskiptum við kennara, ef þarf
4. Hafa samband við skólann, t.d. námsráðgjafa ef þið lendið í vafa með eitthvað sem snýr að náminu, sjá nánari upplýsingar [hér](#).

Ef einhverjar frekari spurningar vakna, t.d. varðandi nýjar reglur um sóttkví, þá er ykkur velkomið af hafa samband.

Gangi ykkur öllum vel – áfram þið!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594



